



SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2025

mila

Efnisyfirlit

01 Sjálfbæriskýrsla

Um skýrsluna
Stefnur og gildi Mílu „Með þér hratt til framtíðar“
Hvað skiptir okkur máli?
Áhættustjórnun

02 Umhverfisþættir

Losun gróðurhúsalofttegunda
Græn orka við rekstur fjarskiptavirkja
Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun
Endurnýjun bílaflota
Líffræðileg fjölbreytni

03 Félagslegir þættir

Mannauður
Fræðslu- og styrktarmálefni
Heilsa og öryggi

04 Stjórnarhættir

Viðskiptasiðferði og siðareglur Mílu

05 Viðauki

VSME tilvísunartafla

SJÁLFBÆRNISKÝRSLA

01



Um skýrsluna

Míla er burðarás fjarskipta á Íslandi og hefur það hlutverk að tengja samfélagið saman með öruggum og áreiðanlegum innviðum. Öruggir fjarskiptainnviðir er lykilþáttur í velferð og búsetugæðum landsmanna og grundvöllur að fjölbreyttri og öflugri atvinnustarfsemi. Sjálfbærni er þar að leiðandi órjúfanlegur þáttur í fjarskiptastarfsemi og liður í því að Míla sinni hlutverki sínu til framtíðar með ábyrgum og öruggum hætti.

Á árinu 2025 hélt Míla áfram þeirri vegferð að byggja upp og viðhalda öflugum fjarskiptainnviðum á Íslandi til að styðja við uppbyggingu samfélagsins. Ljósleiðari Mílu nær nú til 150 þúsund heimila og fyrirtækja, flutningsgeta hefur verið margfölduð með fjárfestingu í uppfærslu á bylgjulengdarkerfi og frekari útbreiðslu 5G farsímanets. Með þessari uppbyggingu styrkir Míla sjálfbæra og trausta fjarskiptainnviði sem eru lykill að samfélagslegri velferð til framtíðar.

Í ár er sjálfbærniuppgjör Mílu með breyttu sniði, en ákveðið var að gefa út stutta og hnitmiðaða sjálfbærnisýrslu þar sem gert er grein fyrir helstu áherslum, aðgerðum og framvindu mála á sviði sjálfbærni árið 2025 auk þess að greina frá langtímamarkmiðum.

Í ljósi breytinga á umfangi og eðli sjálfbærniregluverks og upplýsingagjafar Evrópusambandsins ákvað Míla að leggja mat á hvaða aðferðafræði við upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni væri best fallin til að endurspegla starfsemi Mílu. Niðurstaðan var að byggja upplýsingagjöf á svokölluðum VSME sjálfbærnistaðli (Grunn hluta, Basic Module). Með þessari nálgun eru veittar samræmdar upplýsingar sem endurspegla frammistöðu og sýn Mílu í sjálfbærnimálum.

Allar upplýsingar í skýrslunni eiga við um rekstrarárið 2025 nema annað hafi sérstaklega verið tekið fram. Í viðauka skýrslunnar má finna viðaukatöflu í samræmi við VSME staðalinn.

Grunnur að undirbúningi (B1)

Eigið starfsfólk – Almennar upplýsingar (B8)

Míla í tölum

Heildartekjur 9.952 m. ISK	Eignir 85.549 m. ISK
Heildarlosun Umfang 1 og 2 317.3 tCO ₂ íg 2025	Heildarlosun Umfang 1 og 2 351.5 tCO ₂ íg 2024
Meðalfjöldi stöðugilda (FTE) 148	Skráningarskyld vinnuslys 0
Öryggisfræðsla til 98% starfsfólks	
Starfsmannavelta 7%	

Stefnur og gildi Mílu

„Með þér hratt til framtíðar“

Míla hefur innleitt margvíslegar stefnur og verklagsreglur sem styðja við sjálfbærniáherslur félagsins. Þar á meðal má nefna mannauðs- og mannréttindastefnu, persónuverndarstefnu, stefnu um upplýsingaöryggi ásamt öryggis- og áhættustefnu, styrkjastefnu, reglur um vernd uppljóstrara, siðareglur, sem og stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustað. Stefnur Mílu mynda mikilvægan grunn að góðum stjórnarháttum, stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi og endurspegla skuldbindingu félagsins um trausta og áreiðanlega þjónustu. Stefnur félagsins eru aðgengilegar á vef Mílu www.mila.is.

Gildi Mílu

Á síðastliðnu starfsári fór fram vinna innan Mílu við að endurskilgreina og skerpa á kjarnagildum félagsins. Úr varð skýr og sameiginleg sýn á þau gildi sem best endurspegla þá ásýnd og stefnu sem félagið vill standa fyrir: Áreiðanleika, Hraða og Framsækni. Þessi gildi eru leiðarljós í daglegri starfsemi og móta bæði innri vinnubrögð og samskipti við viðskiptavini, samstarfsaðila og hagaðila. Með skýrt mótuðum gildum styrkir Míla menningu sem styður við stefnu félagsins, sjálfbærnivegferð þess og framtíðarsýn, með það að leiðarljósi að tryggja örugga fjarskiptainnviði fyrir samfélagið.

Áreiðanleiki

Við stöndum við gefin loforð, erum fagleg og tryggjum stöðuga þjónustu.

Hraði

Við komum hlutunum í framkvæmd, bregðumst hratt við með hraðri og öflugri þjónustu.

Framsækni

Við hugsum í lausnum, sýnum frumkvæði og leitum stöðugt leiða til að gera hlutina betur.

Hvað skiptir okkur máli?



Umhverfisþættir

Loftslagsbreytingar

Afleiðingar loftslagsbreytinga geta haft bein áhrif á rekstraröryggi fjarskiptainnviða, (t.d. öfgaveður og náttúruvá) og kalla á verkefni sem snúa að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda



Félagslegir þættir

Starfsfólk

Heilsa og öryggi starfsfólks er lykilforsenda í allri starfsemi félagsins.



Stjórnarhættir

Viðskiptasiðferði

Traust, heiðarleiki og áreiðanleiki leggja grunn að faglegum og ábyrgum rekstri.

Sjálfbærni hefur átt ríkan sess í starfsemi fyrirtækisins. Míla hóf árið 2023 undirbúning að innleiðingu CSRD tilskipunarinnar, með hliðsjón af ESRS stöðlum sem mynda aðferðarfræðilegan ramma við sjálfbærniuppgjör og skýrslugerð. Hluti af undirbúningi þeirrar vinnu fól í sér gerð tvöfaldrar mikilvægisgreiningar sem framkvæmd var með hagaðilum Mílu. Í framhaldi voru haldnar vinnustofur þar sem kortlagðar voru lykiláhættur í starfsemi félagsins.

Tvöföld mikilvægisgreining er aðferð til að hjálpa fyrirtækinu að átta sig á hvaða sjálfbærnimálefni skiptir það mestu máli. Hún snýr einkum að skoða tvennt: Hvernig fyrirtækið hefur áhrif á umhverfið og samfélag sitt, og hvernig þessi málefni geta haft áhrif á rekstur fyrirtækisins. Hún veitir þannig sýn á þau áhrif (jákvæð og neikvæð) sem og þær áhættur og tækifæri sem eru til staðar og hvaða verkefni skuli leggja áherslu á innan fyrirtækisins.

Þó endurskoðun á sjálfbærniregluverki ESB feli í sér breytingar á kröfum sem gerðar verða til fyrirtækja eins og Mílu, mun sú vinna sem hefur verið framkvæmd engu að síður nýtast starfseminni vel við frekari rýni á áhættum á sviði sjálfbærnimála og mótun áherslna félagsins til framtíðar. Frumniðurstöður hennar hafa dregið saman grunn að stefnumótun og forgangsröðun verkefna. Míla stefnir að frekari vinnu við þessa greiningu til að öðlast skýra mynd á þau atriði sem hafa mest vægi fyrir félagið.

Sjálfbærni verkefni og markmið

Míla hefur sett sér heildstæð umhverfis-, félags- og stjórnarháttá markmið. Þau fela meðal annars í sér:

- ▶ Aðgerðir sem stuðla að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- ▶ Aukna notkun vistvænni ökutækja
- ▶ Lækkun á notkun dísilolíu í fjarskiptarekstri þar sem unnt er að verða við
- ▶ Aðgerðir sem stuðla að fjölbreytileika og jafnrétti ásamt öryggi og vellíðan starfsmanna
- ▶ Fræðsla og reglubundin þjálfun fyrir starfsfólk, þar á meðal EKKO þjálfun, samkeppnisrétt, upplýsingaöryggi, persónuvernd og ábyrga notkun gervigreindar

Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbærni hagkerfi (B2)



Áhættustjórnun

Áhættustjórnun og innra eftirlit er innbyggt í stjórnkerfi og daglegan rekstur Mílu og er liður í að auka rekstraröryggi og leita leiða til að tryggja fyrirbyggjandi aðgerðir. Sem rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu ber Míla sérstaka ábyrgð á að tryggja öryggi og viðnámsþrótt net- og upplýsingakerfa fjarskiptainniðnaðs sem íslenskt samfélag reiðir sig á daglega.

Við áhættustjórnun er tekið mið af sjálfbærniþáttum, þar á meðal loftslagstengdum áhættum svo sem auknum líkum á öfgaveðri, jarðhræringum og annarri náttúruvá. Einnig er Míla meðvitað um mikilvægi þess að greina umbreytingaráhættur tengdum rekstri svo sem vegna nýrrar tækni og lagabreytinga. Markmiðið með því er að tryggja rekstraröryggi, efla viðnámsþol, draga úr neikvæðum áhrifum og stuðla að sjálfbærni til lengri tíma. Til að bregðast við hefur Míla grípið til ýmissa aðgerða svo sem fjárfest í innviðauppbýggingu, fyrirbyggjandi viðhaldi og lausnum á sviði endurnýjanlegrar orku til að minnka notkun jarðefniseldsneytis. Míla mun halda áfram að greina og meta loftslagsáhættur tengt rekstri og virðiskeðju.

Míla er meðvitað um þær áhættur og ógnir sem kunna að steðja að starfsemi og leggur markvissa áherslu á ráðstafanir til að vernda netkerfi, fjarskiptakerfi, upplýsingakerfi, upplýsingar og innviði með viðeigandi öryggisráðstöfunum. Sem dæmi má nefna að varafl er til staðar í tækjarýmum Mílu og er notað ef bregðast þarf við rafmagnsleysi eða ófyrirséðum truflunum í orkukerfum og tryggir samfellu í rekstri, þjónustu og vernd innviða.

Míla er með vottað stjórnkerfi í samræmi við ISO27001 sem staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð til að lágmarka áhættu, auka rekstraröryggi og stuðla að sjálfbærum rekstri.

Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbæru hagkerfi (B2)



UMHVERFISÞÆTTIR

02



Losun gróðurhúsa- lofttegunda

Losun gróðurhúsal lofttegunda (GHG) er reiknuð í samræmi við svokallaðan GHG Protocol, sem er alþjóðlega viðurkenndur staðall fyrir mælingu og stjórnun á losun gróðurhúsal lofttegunda. Hér til hliðar má finna orkunotkun og losun gróðurhúsal lofttegunda eftir umfangi. Umhverfisupplýsingar og losunartölur eru fengnar úr sjálfbærni kerfi Klappa.

Breytingar á veðurskilyrðum vegna loftslagsbreytinga geta haft bein áhrif á rekstraröryggi fjarskiptanets Mílu og viðhald búnaðar og mannvirkja. Míla leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi sinni á umhverfið með ýmsum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsal lofttegunda.

Ein helsta umhverfisáhætta sem Míla stendur frammi fyrir eru veðurbreytingar af völdum loftslagsbreytinga, t.d. ofsaveður, flóð, snjóflóð og aurskriður. Til að takast á við þessar áskoranir grípur Míla til aðgerða til að tryggja öryggi fjarskipta, t.d. með fyrirbyggjandi aðgerðum en einnig með skýrum viðbragðsáætlunum þegar t.d. bregðast þarf við rofi á ljósleiðara á svæðum utan þéttbýlis.

Orka og losun gróðurhúsal lofttegunda (B3)

Heildarlosun Gróðurhúsal lofttegunda (GHG)

	2025	2024
Flokkar	tCO2íg	tCO2íg
Umfang 1	234	249.7
Umfang 2	83.3	101.9
Samtals	317.3	351.5

Orkunotkun

	2025	2024
Orkugjafi	kWst	kWst
Rafmagn	8.285.004	8.719.285
Eldsneyti	918.180	978.726
Samtals	9.203.184	9.698.011

Vatnsnotkun (Heitt vatn)

2025	2024
54.520 m3	72.455 m3

Upprunaábyrgðir á raforku

Míla kaupir upprunaábyrgð fyrir rafmagnsnotkun sína. Slík ábyrgð tryggir að raforkunotkunin sé 100% endurnýjanleg.

Rafmagnsnotkun Mílu lækkar á milli ára sem kemur að hluta til vegna árangurs í markvissum aðgerðum, m.a. með betri nýtingu húsnæðis, fækkun fermetra í rekstri og niðurlagningu koparkerfis. Að sama skapi hafa á árinu 2025 verið framkvæmdar ýmsar aðgerðir, þar á meðal fjárfestingar í rafdrifnum bílaflota, breytingar á orkugjöfum við rekstur fjarskiptavirkja sem fela í sér tilfærslu á notkun eldsneytis yfir í raforku. Með þessum aðgerðum lækkar einnig eldsneytisnotkun milli ára.

Þessi þróun styður við langtímamarkmið Mílu að draga úr kolefnisfótspori sínu þar sem unnt er og dregur jafnframt úr rekstrarkostnaði, sem er jákvætt fyrir bæði umhverfi og rekstur. Endanleg áhrif þessara aðgerða eru ekki öll enn sýnileg í sjálfbærniuppgjöri. Gera má ráð fyrir að verkefni Mílu að færa sig úr eldsneyti yfir rafmagn muni fela í sér tilfærslu í orkunotkun. Lækkun eldsneytis kann því óhjákvæmilega að leiða til aukinnar notkunar rafmagns. Unnið er áfram að því að tryggja rekjanleika milli einstakra aðgerða sem ráðist er í og þau jákvæðu áhrif sem af því hlýst.

Orka og losun gróðurhúsalofttegunda (B3)

Hvað þýðir „umfang 1“ og „umfang 2“?



Umfang 1 nær til beinnar losunar sem verður til í eigin rekstri fyrirtækis, svo sem frá ökutækjum í eigu fyrirtækisins og eldsneytisnotkun á starfsstöðvum.



Umfang 2 nær til óbeinnar losunar vegna keyptrar orku, svo sem rafmagns, húshitunar eða kælingar sem fyrirtækið notar í starfsemi sinni.



Umfang 3 nær til óbeinnar losunar í virðiskeðju fyrirtækisins. Míla er meðvitað um mikilvægi yfirsýnar yfir slíka losun, t.d. um flugferðir og úrgang og rýnir slík gögn.

Græn orka við rekstur fjarskiptainnviða

Míla leitar ávallt að nýjum og umhverfisvænum aðferðum til þess að uppfylla nauðsynlega orkuþörf á svæðum sem ekki eru í alfara leið og þar sem reknir eru mikilvægir og nauðsynlegir fjarskiptainnviðir. Með öryggi fjarskipta að leiðarljósi hefur verið nauðsynlegt að hafa dísilrafstöðvar í síkeyrslu á svæðum þar sem langt er í byggð og engin rafveita til staðar.

Míla hefur sett sér markmið að hætta notkun slíkra síkeyrslustöðva og skipta þeim út fyrir umhverfisvænni orkukosti, svo sem raforku úr vatnsafla, vind eða sólarorku. Verkefni sem þessi styðja við minni notkun jarðefnaeldsneytis þar sem því verður við komið.

Míla hefur á undanförunum árum skipt út hefðbundnum dísilknúnum búnaði á nokkrum fjarskiptastöðum. Nú þegar hefur verið skipt yfir í endurnýjanlega orku á Stórholti á Holtavörðuheidi og Heiðarhnjúk við Mjóafjörð. Til viðbótar hafa vindrellur verið í notkun á Biskupsöxl við Möðrudal um nokkurt skeið, en nýlega var þar bætt við sólarcellum. Þessir fjarskiptastaðir hafa hætt notkun síkeyrslu á dísil.

Nú síðast var Vatnsfallsvirkjun að Gestreiðarstaðarhálsi við Jökuldal tekin í notkun í október 2025 í samstarfi við Neyðarlínuna. Með tilkomu virkjunarinnar var unnt að stöðva rekstur síkeyrandi dísilstöðva á Gestreiðarstaðarhálsi. Með þessu hefur Míla og minnkað þörf á jarðefnaeldsneyti á þessum stöðum án þess að draga úr kröfu um trausta og áreiðanlega fjarskiptainnviði.

Verkefni sem þessi styðja við markmið Mílu um lækkingu á notkun jarðefnaeldsneytis þar sem því verður við komið. Slík verkefni stuðla jafnframt að auknu orkuöryggi og styrkja mikilvæga innviði, sem eru grundvöllur starfsemi félagsins.

Orka og losun gróðurhúsalofttegunda (B3)

Auðlindanýting, hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun (B7)

Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbærri hagkerfi (B2)

Stöðugar umbætur

Fyrir tilkomu vatnsfallsvirkjunarinnar var orkuþörf rafstöðva á Gestreiðarstaðarhálsi um það bil 12.000 lítra af dísilolíu á ári, sem jafnast á við átta jeppa með 15.000 km í meðalakstri á ári.

Á árinu 2026 mun Míla ráðast í nýtt verkefni sem miðar að því að framkvæma tilraunir að breyttri orkunotkun að Slórfell við Möðrudal. Þar munu hefjast tilraunir með blandaða notkun vindorku og sólarcellu, með það að markmiði að kanna hvort slík lausn geti komið í stað, eða dregið verulega úr notkun hefðbundinna rafstöðva. Tilraunir þessar munu veita mikilvægar upplýsingar um rekstraröryggi, hagkvæmni og virkni endurnýjanlegra orkukosta á afskekktum svæðum.

Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

Hringrásarhagkerfi snýst um að nýta auðlindir á ábyrgan og skilvirkan hátt með því að lengja líftíma þeirra, draga úr úrgangi og tryggja að efni og búnaður haldi virði sínu eins lengi og mögulegt er. Þessi nálgun byggir meðal annars á því að hanna vörur, þjónustur og ferla með þeim hætti að auðvelt sé að viðhalda, endurvinnna og endurnýta efni í stað þess að senda þau í förgun. Með því að innleiða hringrásarhugsun er dregið úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og heildarálagi á náttúruna. Markviss flokkun og skipulögð endurvinnsla og endurnýting í starfsemi getur skilað verulegum ávinningi fyrir bæði Mílu og umhverfið.

Tækjahús öðlast framhaldslíf

Gott dæmi um slíkt eru tækjahús Mílu sem má finna víða um land. Þessi rými voru eitt sinn nauðsynleg fyrir fjarskiptastarfsemi landsins en hefur nú breyst í takt við nýjungar í tækni. Í stað þess að fjarlægja húsið er leitað leiða til að gefa þessum fasteignum annað hlutverk til þriðju aðila, ýmist einstaklinga eða sveitarfélaga.

Flokkun úrgangs

Míla leggur áherslu á ábyrga meðhöndlun úrgangs og markvissa flokkun hans. Úrgangur sem fellur til í starfsemi er flokkaður og áhersla lögð á að á að hámarka endurvinnslu. Heildarmagn úrgangs var alls 52.001 kíló árið 2025, sem er sambærilegt magn og árið 2024.

Með fræðslu til starfsfólks og skýrum verkferlum leitast félagið við að bæta flokkun úrgangs og draga úr myndun hans. Þannig stuðlar félagið að betri nýtingu auðlinda og minni umhverfisáhrifum af starfsemi.

**Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbærni hagkerfi (B2)
Auðlindanýting, hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun (B7)**

	Heildarmagn árlegs úrgangs	Magn árlegs úrgangs sem fer í endurvinnslu eða endurnýtingu
Hættulaus úrgangur	51.072 kg	51.212 kg
Hættulegur úrgangur	929 kg	929 kg

Endurnýjun bílaflota

Míla hefur unnið að því að auka hlutfall umhverfisvænni ökutækja í bílaflota sínum og færa sig frá notkun jarðefnaeldsneytis. Míla þarf að nálgast fjarskiptabúnað sem er á afskekktum svæðum, sem gerir rafbíla ekki alltaf raunhæfan kost. Með hraðri tækniþróun leitar Míla stöðugt að nýjum tækifærum til að skipta út ökutækjum sínum fyrir hagkvæmar umhverfisvænar lausnir sem uppfylla rekstrarþarfir fyrirtækisins.

Míla hefur sett sér langtímamarkmið um að ná 60% hlutdeild í umhverfisvænum orkubílum fyrir árið 2030. Árið 2025 voru alls tíu ný rafknúin ökutæki tekin í notkun á árinu. Í lok ársins voru alls 30% af bílaflota Mílu knúnir af grænni orku, annað hvort að hluta til eða að öllu leyti.

Innleiðing umhverfisvænni ökutækja í rekstri Mílu hefur þegar haft jákvæð áhrif á heildar eldsneytisnotkun sem lækkaði um 6,8% á árinu.

**Auðlindanýting, hringrásarhagkerfi
og úrgangsstjórnun (B7)
Orka og losun gróðurhúsalofttegunda (B3)**



Líffræðileg fjölbreytni

Hvað er líffræðileg fjölbreytni og af hverju skiptir hún máli?

Líffræðileg fjölbreytni er hugtak sem nær yfir fjölbreytni vistkerfa og fjölbreytileika tegunda sem mynda heilbriggt vistkerfi. Heilbrigð vistkerfi, með fjölbreyttum tegundum og lífverum, halda náttúrunni í jafnvægi og sjá okkur fyrir nauðsynlegum gæðum, til dæmis, hreinu vatni og frjóum jarðvegi. Þegar fjölbreytnin í vistkerfinu minnkar þá veikjast vistkerfi sem eykur áhættu fyrir samfélög, fyrirtæki og náttúruna sjálfa.

Míla leggur áherslu á að starfsemi þess hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi sitt og vistkerfi. Rekstur og viðhald innviða er almennt með þeim hætti að inngrip í náttúru eru takmörkuð. Innviðir Mílu liggja í jörðu og stærsti hluti starfsemi og rekstur Mílu fer fram á þéttbýlissvæðum með litla vistfræðilega næmni. Í sumum tilvikum kann að koma upp skyndilegt rof á streng, t.d. vegna eldgoss eða flóða og er þá nauðsynlegt fyrir Mílu að bregðast tafarlaust við til að tryggja almannahagsmuni og öryggi fjarskipta. Félagið er meðvitað um mikilvægi þess að fara vel um viðkvæm svæði og tryggja fagleg og ábyrg vinnubrögð.

Þegar framkvæmdir við lagningu ljósleiðara eru nauðsynlegar fara þær að jafnaði fram samhliða, eða eru hluti af fyrirfram ákveðnum framkvæmdum þriðja aðila, svo sem veghaldara eða sveitarfélags. Slíkar framkvæmdir lúta lögbundnu skipulags- og leyfisferli hjá sveitarfélagi og öðrum þar til bærum stjórnvöldum. Í því ferli eru m.a. umhverfisáhrif metin, þar á meðal áhrif á náttúru, landnotkun og líffræðilega fjölbreytni, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Félagið fylgir þeim reglum, skilyrðum og leiðbeiningum sem sett eru í tengslum við slíkt leyfis- og matsferli og með því er stuðlað að því að uppbygging og viðhald innviða fari fram í samræmi við markmið um vernd náttúru og sjálfbæra þróun til lengri tíma.

Líffræðileg fjölbreytni (B5)



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

03



Mannauður

Míla leggur áherslu á að vera framúrskarandi og eftirsóknarverður vinnustaður. Lögð er rækt við að skapa vinnustaðamenningu sem byggir á jafnrétti, umbótahugsun, heilsu og öryggi.

Mikil starfsánægja

Menning Mílu er einstök og starfsfólk þess ávallt til taks og reiðubúið að bregðast við til að tryggja öryggi innviða og áreiðanlega þjónustu. Míla býr yfir hópi sem hefur yfirgripsmikla reynslu og þekkingu í starfseminni. Í árlegri vinnustaðakönnun mældist starfsánægja alls 4,3 stig af 5 mögulegum. Niðurstöður könnunarinnar staðfesta sterka og jákvæða vinnustaðamenningu Mílu.

Launað leyfi mánuði fyrir barnsburð og uppsöfnun orlofsréttinda

Míla er fjölskylduvænn vinnustaður og setur heilsu og velferð starfsfólks í forgang. Það á ekki síður við þegar kemur að barneignum. Í ár var stigið það skref veita öllu starfsfólki sem gengur með barn launað leyfi mánuði fyrir settan fæðingardag. Samhliða þessum breytingum hefur Míla einnig tekið upp breytingar er varðar orlofsrétt en starfsfólk safnar nú orlofi meðan það er í fæðingarorlofi, í samræmi við þann hluta fæðingarorlofsins sem það tekur. Með þessu skapar Míla umhverfi sem styður við starfsfólk sitt með áherslu á að stuðla að jafnvægi vinnu og einkalífs.

**Eigið starfsfólk – Viðunandi laun, hlítني við kjarasamninga og þjálfun starfsfólks (B10)
Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbærri hagkerfi (B2)**



Jöfn og fjölbreytt Míla

Skýr markmið um að jafna kynjahlutföll innan starfseminnar endurspeglar framgang í þessum málaflökki. Stefnt er að því að konur og kvár verði 20% starfsfólks árið 2030. Hjá Mílu hefur hlutur kvenna hækkað um 6% frá árinu 2023 og var í lok árs 15%. Að sama skapi greinist enginn launamunnur á föstum launum í jafnlaunagreiningu fyrirtækisins. Míla fagnar þessum árangri.

Fræðslu- og styrktarmálefni

Fræðsla innan og utan Mílu

Fræðsla og miðlun þekkingar er Mílu mikilvæg og leitast félagið við að stuðla að auknum skilningi á hlutverki og mikilvægi fjarskiptainnviða. Með virku samtali við nemendur, fræðastofnanir og samfélagið í heild er markmiðið að efla áhuga á fjarskiptum, stuðla að fjölbreytni kynja í námi og störfum og veita innsýn í þau störf sem liggja að baki öruggum og traustum innviðum. Á árinu tók Míla á móti nemendum af öllum skólastigum til að vekja áhuga ungs fólks á fjarskiptum. Nemarnir fengu m.a. kynningu á fjarskiptainnviðum og hlutverki þeirra og mikilvægi.

Starfsfólkið í forgrunni

Áhersla er lögð á að starfsfólk geti aukið hæfni sína og þekkingu og þróast í starfi. Starfsfólki býðst ýmis starfstengd námskeið og er hvatt að sækja sér viðbótar menntunar með því að bjóða námsstyrki til lengra náms, bæði fyrir iðnnám og til háskólanáms. Á árinu lauk 2,7% starfsfólks sveinsprófi eða háskólanámi.

Til að styrkja tengingu starfsfólks við starfsemina er nýliðum og starfsfólki jafnframt boðið upp á heimsóknir á fjarskiptastaði, þar sem þeir fá betri skilning á umfangi, fjölbreytileika og mikilvægi starfseminnar. Slíkar heimsóknir stuðla að aukinni þekkingu, betra samstarfi og sterkari tengslum starfsfólks við hlutverk félagsins.

Styrkir til góðra verka

Míla starfrækir styrkjastefnu sem miðar að því að styðja verkefni sem skapa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem fyrirtækið starfar. Míla leitast við að styðja við verkefni sem gagnast samfélaginu í heild og hafa tengsl við kjarnastarfsemi Mílu, sem er uppbygging og rekstur fjarskiptainnviða á landsvísu. Áhersla Mílu í styrktarmálum tengjast verkefnum sem stuðla að slysavörnum, björgun og öryggi, nýsköpun tengd fjarskiptum og endurnýjanlegri orku, jafnrétti og lýðheilsu.

**Eigið starfsfólk – Viðunandi laun, hlítني við kjarasamninga og þjálfun
Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbærnu hagkerfi (B2) (B10)**



Heilsa og öryggi

Öruggt og heilsusamlegt umhverfi

Míla vinnur markvisst að því að tryggja öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk og samstarfsaðila sína. Starfrækt er öryggisnefnd innan Mílu sem fylgist náið með öryggismálum og styður við stöðugar umbætur í heilsu og öryggistengdum þáttum félagsins.

Míla heldur reglubundin öryggisnámskeið, þar á meðal skyndihjálparnámskeið, fallvarnarnámskeið, fræðslu um notkun vélsleða og önnur sértæk námskeið sem tengjast rekstri fjarskiptainnið. Alls hlaut 98% starfsfólks þjálfun í öryggi og heilsu á árinu.

Með þessari nálgun er tryggt að starfsfólk Mílu og samstarfsaðilar hafi nauðsynlega þekkingu til að vinna störf sín á öruggan og ábyrgan hátt. Þannig hefur öryggisvitund starfsfólks styrkst enn frekar og frávikum fækkað. Árið 2025 voru engin skráningarskyld vinnuslys hjá fyrirtækinu.

Áhersla hefur verið lögð á kerfisbundna skráningu á nánast slysum, en slík atvik eru þau tilvik þar sem hættu skapast eða hefði getað skapast án þess að raunverulegt slys eigi sér stað. Greining og skráning slíkra tilvika eykur yfirsýn á mögulegum áhættum og kemur í veg fyrir alvarleg atvik ásamt því að bæta stöðugt vinnuumhverfi og verkferla í daglegum rekstri

Eigið starfsfólk – Heilsa og öryggi (B9)



STJÓRNARHÆTTIR

04



Viðskiptasiðferði og siðareglur Mílu

Viðskiptasiðferði félagsins er styrkt með skýrum siðareglum, innri verklagsreglum og öflugri umgjörð um góða stjórnarhætti. Þessi umgjörð styður við að starfsemi Mílu sé í samræmi við lög og reglur, að ólögmet háttsemi sé ekki liðin og að fyrirbyggjandi aðgerðir séu hluti af daglegum rekstri.

Míla hefur sett sér mannauðs- og mannréttindastefnu sem miðar að því að tryggja virðingu fyrir mannréttindum í allri starfsemi félagsins. Siðareglur Mílu skilgreina þau gildi og viðmið sem stjórn, stjórnendur og starfsfólk styðjast við í störfum sínum og eru leiðarljós í samskiptum við viðskiptavini, samstarfsaðila og aðra hagaðila. Reglunum er jafnframt ætlað að stuðla að heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi, góðum starfsháttum og að draga úr áhættu, þar á meðal rekstrar- og orðsporsáhættu. Á uppgjörsárinu 2025 voru engar sakfellingar eða sektir sem tengdust spillingar- og mútumálum.

Til að efla góða viðskiptahætti og tryggja öryggi starfsmanna eru í gildi reglur um vernd uppljóstrara, sem eru í samræmi við lög nr. 40/2020. Reglurnar voru samþykktar 25. maí 2021 og eru aðgengilegar starfsfólki á innri samskiptavef félagsins.

Meðferð persónuupplýsinga hjá Mílu er í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga eru aðgengilegar á ytri vef félagsins, auk þess sem starfsfólk hefur aðgang að sértækum upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga á innri vef.

Stjórnarhættir Mílu byggja á starfsreglum stjórnar og undirnefnda hennar, siðareglum félagsins og samkeppnisréttaráætlun. Félagið fylgir leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem gefnar voru út í júlí 2021 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, á grundvelli „fylgja eða skýra“ meginreglunnar. Núgildandi samkeppnisréttaráætlun var samþykkt af stjórn í desember 2022 og leggur Míla ríka áherslu á fræðslu og þjálfun á sviði samkeppnisréttar fyrir stjórn, stjórnendur og starfsfólk.

Nánari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi Mílu.

Sakfellingar og sektir í tengslum við spillingu og mútur (B11)



VIÐAUKI

05



VSME tilvísunartafla

Grunn hluti (Basic module)

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
B1	Grunnur að undirbúningi		
24a	Upplýsingagjöf – grunnskýrsla eða ítarleg skýrsla	Að fullu	Um skýrsluna, bls. 4.
24b	Viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar ekki birtar	Á ekki við	Engar viðkvæmar eða trúnaðarupplýsingar sem hafa áhrif á upplýsingagjöf skv. VSME staðlunum.
24c	Upplýsingar birtar á fyrirtækis eða samstæðugrunni	Að fullu	Skýrslan afmarkast við starfsemi Mílu hf.
24d	Dótturfélög sem skýrslan nær til	Á ekki við	
24e	Almennar upplýsingar um fyrirtækið	Að hluta	Upplýsingar eru birtar í íslenskum krónum, ekki í evrum eins og kveðið er á um í VSME staðlinum. Míla er hlutafélag sem starfar á Íslandi. Starfsemi fyrirtækisins fellur undir NACE-kóðann K61.10. Fjöldi starfsfólks kemur fram í skýrslu í töflunni „Míla í tölum“ á bls. 4. Aðalstarfsemi og eignir fyrirtækisins eru staðsettar á Íslandi, með höfuðstöðvar að Stórhöfða 20-32 í Reykjavík.
25	Vottanir og viðurkenningar tengdar sjálfbærni	Að fullu	Viðurkenningar, bls. 4.
B2	Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbæru hagkerfi		
26a	Aðgerðir	Að fullu	Hringrásarhagkerfi, bls. 13, Græn orka við rekstur fjarskiptainnviða, bls 12, Endurnýjun bílaflota, bls. 14.
26b	Stefnur	Að fullu	Stefnur og gildi Mílu, bls. 5.
26c	Framtíðaráform	Að fullu	Hvað skiptir okkur máli, bls. 6.
26d	Markmið	Að fullu	Hvað skiptir okkur máli, bls. 6.
27	Neikvæð áhrif takmörkuð og ýtt undir jákvæð áhrif	Að fullu	Hvað skiptir okkur máli, bls. 6 og Áhættustjórnun, bls. 8.

VSME tilvísunartafla

Grunn hluti (Basic module)

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
B3	Orka og losun gróðurhúsalofttegunda		
29	Heildarorkunotkun í MWst	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda, bls. 10. Orkunotkun í KWst.
30a	Umfang 1 – losun í tCO ₂ íg	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda, bls. 10.
30b	Umfang 2 – staðbundin losun (location-based) í tCO ₂ íg	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda, bls. 10.
31	Losunarkræfni	Að fullu	Losunarkræfni var á árinu 0.056 tCO ₂ á hverja milljón krónur í heildartekjur.
B4	Mengun lofta, vatns og jarðvegs		
32	Lögbundnar eða valkvæðar upplýsingar um mengun		Starfsemi Mílu felur ekki í sér mengandi starfsemi í lofti, vatni eða jarðvegi. Umhverfisáhrif fyrirtækisins tengjast fyrst og fremst orkunotkun og notkun eldsneytis til varaafli og flutninga. Losun frá þessum verkefnum takmarkast við gróðurhúsalofttegundir og minniháttar útblásturslosun frá ökutækjum og rafstöðvum.
B5	Líffræðileg fjölbreytni		
33	Svæði á eða í nálægð við líffræðilega viðkvæm/vernduð svæði	Að fullu	Líffræðileg fjölbreytni, bls. 15.
34a	Landnotkun	Á ekki við	
34b	Heildarstærð þétts yfirborðs (e. Total sealed area)	Á ekki við	
34c	Heildarstærð náttúrumiðaðra svæða innan starfsstöðvar	Á ekki við	
34d	Heildarstærð náttúrumiðaðra svæða utan starfsstöðvar	Á ekki við	

VSME tilvísunartafla

Grunn hluti (Basic module)

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
B6	Vatn		
35	Heildar vatnsnotkun		Losun gróðurhúsalofttegunda, bls. 10. Notkun á heitu vatni er eingöngu birt.
36	Vatnsnotkun vegna vatnsfrekrar framleiðslu	Á ekki við	
B7	Auðlindanýting, hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun		
37	Aðgerðir í tengslum við hringrásarhagkerfi	Að fullu	Hringrásarhagkerfi, bls. 13 , græn orka við rekstur fjarskiptainviða, bls. 12.
38a	Heildarmagn árlegs úrgangs, skipt í hættulegan og hættulausan úrgang	Á ekki við	Enginn hættulegur úrgangur í starfseminni.
38b	Heildarmagn árlegs úrgangs sem fer í endurvinnslu eða endurnýtingu	Að fullu	Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun, bls. 13.
38c	Árlegt gegnumstreymi lykilorða (fyrir efnisfreka starfsemi)	Á ekki við	
B8	Eigið starfsfólk – Almennar upplýsingar		
39	Fjöldi starfsfólks (heildarfjöldi eða stöðugildi) brotið niður í eftirfarandi þætti:	Að fullu	Heildarfjöldi starfsfólks í lok árs var alls 124 karlar og 21 kona.
39a	Tegund ráðningarsamnings (fastráðning eða tímabundin ráðning)	Að fullu	Starfsemi félagsins fer fram á Íslandi. (0.2 stöðugildi (FTE) tímabundið ráðið)
39b	Kyn	Að fullu	Mannauður, bls. 17.
39c	Ráðningarsamningar eftir löndum	Á ekki við	
40	Velta starfsfólks	Að fullu	Um skýrsluna, bls. 4.

VSME tilvísunartafla

Grunn hluti (Basic module)

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
B9	Eigið starfsfólk – Heilsa og öryggi		
41a	Fjöldi og tíðni skráðra vinnuslysa		Um skýrsluna, bls. 4.
41b	Fjöldi banaslysa vegna vinnuslysa og/eða heilsufarsvandamála í vinnu	Að fullu	Engin dauðsföll má rekja til vinnuslysa eða óheilnæmra vinnuaðstæðna Mílu.
B10	Eigið starfsfólk – Viðunandi laun, hlítmi við kjarasamninga og þjálfun starfsfólks		
42a	Hlítmi við lágmarkslaun og viðmið fyrir eigið starfsfólk	Að fullu	Laun í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni.
42b	Munur á launum á milli kynja í prósentum	Að fullu	Mannauður, bls. 17.
42c	Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kjarasamninga	Að fullu	99% starfsfólks Mílu fellur undir kjarasamninga.
42d	Meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á ári fyrir starfsfólk, brotið niður eftir kyni	Að hluta	Míla sinnir samkeppnisréttarþjálfun og ýmis konar öryggisþjálfun fyrir allt starfsfólk í samræmi við gildandi reglur og skyldur. Upplýsingar um meðalfjölda klukkustunda í þjálfun brotið niður eftir kyni er ekki skráð.
B11	Sakfellingar og sektir í tengslum við spillingu og mútur		
43	Fjöldi sakfellinga og sekta vegna spillingar- og mútumála		Stjórnarhættir, bls. 21.

mila